

## Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 97 (16.10.2023) - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Vatnsveitulagnir, Egilsstaðir Eiðar

**Málsnúmer** : 202308009  
**Málsaðili** : HEF veitur ehf.  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 16.10.2023

**Inngangur** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá HEF veitum vegna lagnaframkvæmda þar sem lagðar verða stofn- og dreiflagnir frá Egilsstöðum að Stóra-Haga við Eiðavatn, um 14 km leið. Gert er ráð fyrir þverun Eyvindarár auk þess sem lagnaleiðin liggur um votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og svæði sem skilgreint er mikilvægt fuglasvæði.  
Fyrir liggja umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnun og heimastjórn Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefnd.  
Framkvæmdastjóri HEF situr fundinn undir þessum lið.

**Niðurstaða** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá HEF veitum vegna lagnaframkvæmda þar sem lagðar verða stofn- og dreiflagnir frá Egilsstöðum að Stóra-Haga við Eiðavatn, um 14 km leið. Gert er ráð fyrir þverun Eyvindarár auk þess sem lagnaleiðin liggur um votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og svæði sem skilgreint er mikilvægt fuglasvæði.  
Fyrir liggja umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnun og heimastjórn Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefnd.  
Starfsmenn HEF veitna sitja fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi umsókn og heimilar skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi þegar

ítarlegri framkvæmdalýsingu ásamt upplýsingum um viðeigandi mótvægisáðgerðir hefur verið skilað inn.

Í skilmálum framkvæmdaleyfisins verði tekið tillit til umsagna sem borist hafa við framkvæmdina. Gerð verði krafa um að Náttúrustofa Austurlands verði fengin til að gera úttekt á framkvæmdasvæðinu og hafi eftirlit með að skilyrðum í framkvæmdaleyfi verði fylgt.

Niðurstöður úttektar verða lagðar fyrir Náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs og umhverfis- og framkvæmdaráð.

Samþykkt samhljóða.